

A photograph capturing a moment from a festival, likely the Hallowe'en festival in Iceland. On the left, a young man is covered in green body paint, smiling broadly. On the right, another young man is holding a pig's head that has been cut open, with blood visible. The background shows a crowd of people, many wearing white t-shirts, sitting on the ground. The scene is outdoors at night.

Busavígslur?

Einhliða innlegg

Uppruni orðsins? (af vísindavefnum)

- Orðið *busi* hefur verið notað í íslensku frá því á 19. öld. Þá var það haft um stráka í neðsta bekk mennta- eða latínuskóla en nú er það haft jafnt um stráka og stelpur. Það er líklegast myndað af lýsingarorðinu *novus* 'nýr'. Þágufall fleirtölu er *novis* en *busi* er hugsanlega myndað af síðari lið orðmyndarinnar *novibus* sem er ranglega myndað þágufall fleirtölu.

Tilgangur?



BUSUUUN !!!

- Núna í síðustu viku var busunin í Flensburg, allir buðlarnir klæddir eins og slátrarar og með kindahausa og hjörtu. létu okkur drekka misu og eikkern ógeðslega ógeðisdrykk sem allir ældu af og við vorum sko hoppandi allan tíman, hlupum svo niður í leikfimishús og þar var bara eikkað þrek og við áttum að nudda þau og totta bjúgu svo var látið nokkra éta hey svo fengu allir að vita eftir á að það voru hellingur af köngulóm í heyinu haha ... Líka sprautað á okkur mysu alveg ógeðsleg lykt af manni og hent í mann hveiti. Fórum bara heim eftir þetta ég og Steina sofnuðum gerðum okkur síðan til fyrir ballið, Uni, Atli, Kiddi og SigrúnM komu svo til Steinu og fórum svo á ballið! ... Mér fannst enganveginn gaman á þessu balli allir dettandi ámann og maður gat ekki staðið kjurr á dansgólfinu og helt vatni á mann .. ég var allavega geðveit pirruð þarna og það var hoppað á mig og gat ekkert dansað eftir það .. sat bara fór síðan bara heim...

- Busavígslur framhaldsskólanema eru eitthvað heimskulegasta og hallærislegasta fyrirbæri sem til er. Busavígslur kitla einungis óþroskuðustu og mestu kjána í hópi eldriþekkinga. Þeir kunna ekki með það vald að fara sem þeir fá við að fá að leika lausum hala við að niðurlægja nýnema. Mörg dæmi munu þess að busavígsla hafi orðið upphaf eineltis.
- Í áratugi tíðkaðist að eldri nemendur tolluðu nýnema í upphafi skólaárs í Bændaskólanum á Hólum í Hjaltadal. Fyrir röskum sextíu árum fór slík tollering úr böndum. Í hita leiksins tóku menn upp á því að henda nýnemum sem allra hæst upp í loft og reyndu að láta þá snúast í loftinu. Að því kom að einn nýneminn lenti illa á öxl eldri nema. Nefið mölbrotnaði og lagðist út á hægri kinn. Þannig gréri nefið.
- Á þessum árum var óþekkt að svona lýti væru lagfærð. Maðurinn hafði mikinn ama af þessu áberandi afmyndaða nefi. Hann fór að taka í nefið og huldi iðulega nefið með vasaklút. Þóttist þá ætla að snýta sér en lét ekki af því verða heldur hélt vasaklútinum yfir nefið. Einkum brá hann á þennan leik þegar hann var að kynna konum sem hann fékk augastað á. Einhverra hluta vegna hefur engin kona viljað elska þennan nefbrotna mann. Hann kennir nefbrotinu um.
- (gamalt dæmi)

Busunartíð

- Framhaldsskólarnir hefja nú störf hver af öðrum, trúlega flestir eða allir með einhvers konar nýliða- eða svokölluðum busavígslum. Þessar busavígslur er því miður oft á tíðum niðurlægjandi, það er tilhneiging til að gera lítið úr nýliðunum. Margar hverjar eru ofbeldisfullar, þótt vissulega sé líklegt að þær svæsnustu rati fremur í fjölmiðla en aðrar. Þá veit ég að í mörgum skólum freista yfirvöld þess að draga úr ofbeldi og hættu á meiðslum, en verður e.t.v. síður ágengt gegn "meinlausari" aðferðum við niðurlæginguna. Eftir að hafa séð myndir af busavígslu Menntaskólans af Egilsstöðum í þættinum Gettu betur í Sjónvarpinu í febrúarlok fyrir tveimur árum var mér meira en nóg boðið. Þessi "athöfn", sem var valin af menntskælingum sjálfum sem sýnishorn úr skólastarfinu, fólst m.a. í því að nýliðarnir voru látnir skríða í drullupollum...
- <http://ingolfurasgeirjohannesson.blog.is/blog/ingolfurasgeirjohannesson/entry/292142/>

Móttaka nýnema

- upphaf
- lok

Úr Flensborgarskóla

- Hún var ógeðsleg, Við þurftum að drekka mysu, skríða í ýmsum viðbjóð og fiskum var slegið í okkur.
- Busavígslan í gær byrjaði þannig að við vorum sótt með miklum látum og fórum niður í matsal. Þar áttum við að setjast á gólfið en sumir voru teknir upp á borð og þeir áttu að dansa. Eftir það voru allir reknir út og þar var fólk með fisk veifandi í andlitinu á okkur og sumir látnir kyssa hann. Stundum var skvett á okkur einhverju hvítu sem ég er ekki viss hvað var. Svo að lokum áttum við að renna niður stutta rennibraut en það var einhvað á henni en ég veit ekki hvað. Þetta var mjög gaman þegar maður hugsar eftir á en meðan vígslunni stóð langaði mér bara heim.
- Busavígsluninn var ágæt, það var mikið fjör enn samt ógeðslegt inn á milli. Við vorum sótt í tíma og látnir skríða inn í matsal þar sem við urðum að grúfa á gólfinu og máttum líta upp.
- Síðan vorum við látnir skríða út og látnir skríða í salti, sagi og fullt af ógeði. Við þurftum svo að drekka eitthvað ógeð og kyssa ógeðslega fiska. Böðlarnir voru allan tíman að öskra á mann og spreya einhverju ógeði úr brúsum í andlitið á manni. Síðan var rennibraut með vatni og allir þurftu að renna sér í henni.
- Það var sett gel og sleypiefni í hárið á mér og ég var tekinn úr bolnum og var vafinn í klósettpappír og límt utan um mig. Ég gerði u.þ.b 100 armbeygjur þennan dag. Ég kyssti fiska og drakk mysu. Ég var á svarta listanum svo að það var tekið hart á mér.

lágkúra



fyrirmyndir?



hrynja öll viðmið? siðvendni -- ráðvendni



hömluleysi

- Ofbeldi
- Mannfyrirlitning
- Kynfyrirlitning
- stjórnleysi



- Hvar byrjar og hvar lýkur ofbeldi?



**ÍMYND SKÓLANS OG ÞESS
SEM VIÐ STÖNDUM FYRIR?**